# Grafarholt

Formáli.

Ég vil hér í stuttu máli gera grein fyrir tildrögum þessarar ritsmíðar og korta, sem fjalla um jörðina Grafarholt, er að fornu hét Gröf og tilheyrði Mosfellssveit.

Árið 1966 hóf ég örnefnasöfnun fyrir Reykjavíkurborg. Þá safnaði ég örnefnum í landi Breiðholts, Klepps, Laugarness og Bústaða og skilaði greinargerð um jarðirnar 8. maí 1967. Aðalhvatamaður þessarar skrár var Páll Líndal, borgarlögmaður.

Árið 1967 byrjaði ég að safna örnefnum fyrir Kópavogskaupstað og skráði á uppdrátt örnefni jarðanna Kópavogs, Digraness, Fífuhvamms og vesturhluta Vatnsendajarðar. Í nóvembermánuði 1969 mæltist bæjarstjóri Kópavogs, Hjálmar Ólafsson, til þess að viðbót yrði gerð við fyrrnefnt örnefnarit. Ég endurskrifaði því næst ritið og bætti við yfirliti yfir sögu jarðanna. Ritinu skilaði ég 15. febr. 1970.

Árið 1975 hóf ég örnefnasöfnun fyrir Mosfellssveit að áeggjan Þórhalls Vilmundarsonar, forstöðumanns Örnefnastofnunarinnar. Ég teiknaði kort og skrifaði sögu þeirra jarða, sem nú er verið að skipuleggja og breyta vegna nýrrar byggðar. Sumarið 1976 skilaði ég kortum og yfirliti yfir sögu Lágafells og Varmár í Mosfellssveit.

Margar jarðir í Mosfellssveit eru nú í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur svo að skráning örnefna í Mosfellssveit tengdist óhjákvæmilega þeirri starfsemi, sem unnin er á vegum Þróunarstofnunar Reykjavíkurborgar. Arkitektarnir, Hilmar Ólafsson og Trausti Valsson á Þróunarstofnuninni hafa lagt málinu lið og stutt þessa starfsemi.

Örnefnastofnunin hlýtur þá að verða miðstöð örnefnasöfnunar, þar sem þar er að finna skrár, kort og aðrar frumheimildir um örnefni. Auk þess má nefna nauðsyn þess að samræma vinnubrögð í þessum efnum.

Það er von mín að ritgerð þessi um Grafarholt verði upphaf heildarsöfnunar örnefna í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Ég hef þegar unnið frumdrög örnefnalýsinga nokkurra jarða, sem mér finnst eðlilegt að fylgi í kjölfarið. Þetta eru jarðirnar:

Korpúlfsstaðir, Eiði, Gufunes, Lambhagi, Keldur, Úlfarsá, Úlfarsá, Reynisvatn, Árbær og Ártún.

Engin þessara jarða hefur slíkan örnefnafjölda sem Grafarholt og er það einum manni

að þakka, Birni Bjarnarsyni í Grafarholti, sem skráð hefur eina sérstæðustu og frumlegustu örnefnaskrá þessa lands. Björn setur hvorki nöfnin á kort né lýsir staðsetningu þeirra á beinan hátt. Hann tengir hvert örnefni fjórum öðrum með því að nota höfuðáttirnar. Ég tók því hvert nafn fyrir sig og afmarkaði það með hliðsjón af tölusettu nöfnunum. Ég gekk um landið, myndaði það og reyndi á þann hátt að átta mig á staðsetningu nafnanna.

Auk þess hef ég stuðzt við landamerkjaskjöl, örnefnalýsingar, sem varðveittir eru í Örnefnastofnuninni, jarðabækur og fleiri heimildir. Mestan hluta verksins hef ég unnið í Örnefnastofnuninni.

Björn Birnir og Einar Birnir, afkomendur Bjarnar í Grafarholti, hafa verið svo alúðlegir að yfirfara nöfnin og munu skila athugasemdum um örnefnalýsinguna. Ég mun setja nafn- og staðsetningabreytingar þeirra á sérstakt kort.

Örnefnakortin eru þrjú: Heildarkort í mælikvarða 1:10.000. Sérkort fyrir svæðið við Grafarlæk: Í mælikvarða 1: 2000 og heildarkort yfir jörðina í mælikvarða 1: 5000 þar sem breytingar bræðranna frá Grafarholti, Björns og Einars, koma fram.

20. maí 1977

Guðlaugur R. Guðmundsson

# Efnisyfirlit

I. Fornar heimildir um Gröf................. 2

II. Jarðabækur ..................................... 3

III. Landamerkjaskjöl........................... 7

IV. Tvær örnefnalýsingar. ................. 10

V. Örnefnalýsing Grafarholts.............. 16

a. Handrit Bjarnar Bjarnarsonar......... 16

b. Svæðalýsing................................... 24

VI. Örnefni í stafrófsröð...................... 38

VII. Tilvitnanir og athugasemdir......... 43

## I. Fornar heimildir um Gröf

Jörðin Gröf í Mosfellssveit er fyrst nefnd í máldaga Maríukirkju á Bessastöðum frá 1352: kirkian a gelldfiar rekstur j grafarlannd.[1]

Árið 1395 er gerð skrá um kvikfé og leigumála á jörðum Viðeyjarklausturs og þar stendur eftirfarandi um Gröf: J Grof. j. c. ok xij alner.[2]

Landskuldin er skráð 1h í jarðabókinni frá 1695 og einnig í jarðabókinni frá 1704, en þá er Grafarkot komið til viðbótar með 40 álna landskuld.[3]

10. des. 1503 er gert skiptabréf í Viðey, þeirra Árna ábóta í Viðey og Halldórs Brynjólfssonar, á jörðunum á Strönd í Hvolhreppi og Gröf í Mosfellssveit:

Bréf um Gröf:

Það gerum vér Jón Gellisson, Gissur Þorleifsson, Jón Jónsson, Nikulás Oddsson og Ólafur Jónsson, góðum mönnum kunnugt með þessu voru opnu bréfi heima í Viðey með Sundum in festo sancti Andrei apostoli, vorum vér í hjá, sáum og heyrðum á að ábóti, Árni í Viðey af einni álfu en Halldórs Brynjólfssonar af annarri að þeir skiptu og keyptu til ævinlegrar eignar með samþykki bróður Helga Péturssonar, bróður Ásbjarnar Hrafnssonar, bróður Jóns Þorsteinssonar, bróður Sigurðar Jónssonar, bróður Páls Bárðarsonar konventubræðra, svo heitandi jörðum: Á Strönd er liggur í Hvolhreppi í Hvolskirkjusókn og í Gröf, er liggur í Mosfellssveit og í Mosfellskirkjusókn með öllum þeim gögnum og gæðum sem greindum jörðum fylgir og fylgt hefir að fornu og nýju til yztu ummerkja við aðrar jarðir og hvor þeirra varð fremst eigandi að. Skal sá halda til laga er keypti en hinn svara lagariftingum er seldi á hvorri jörðinni um sig.

Og til meiri staðfestu og auðsýningar hér um settum vér bróðir Árni með guðs náð ábóti í Viðey vort konventuinnsigli með áðurnefndra manna innsiglum fyrir þetta jarðakaupsbréf skrifað í sama stað 10 dögum síðar en fyrr segir, árum eftir guðs burð 1503.[4]

Þegar konungur sló eign sinni á klaustraeignir á Íslandi varð Gröf í Mosfellssveit konungsjörð. Jörðin er því skráð í öllum fógetareikningum Kristjáns skrifara og Eggerts Hannessonar frá 1547 – l552.[5] Í fógetareikningi frá 1547 – 1548 segir svo um Gröf: Item met Grof iij legekior. xij for. landskyldt en quegle ij lege x forenger smor dt. oc ij landskyldt en iij ar gamell ko dt. oc thenne ko legede Lopte ij Guenes.[6] En í reikningnum frá 1548 – 1549 er bætt við: ... tog Gonder Bordersen thenne ko ij sit formandskop for forganget aur.[7]

## II. Jarðabækur

Í jarðabók Mosfellssveitar, sem undirrituð er 9. nóvember 1695, er Gröf skráð krúnueign, 20 hundraða jörð.[8]

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er auk Grafar skráð hjáleigan Grafarkot og hin forna eyðijörð Oddageirsnes:

Grof.

Jarðardýrleiki

Eigandinn kóngl. Majestat

Ábúandinn Einar Þórðarson.

Landskuld i c. Betalast með fríðu að sama taxta sem áður segir heim til Bessastaða eður Viðeyjar.

Við til húsabótar leggur ábúandi.

Leigukúgildi v. Leigur betalast með smjöri heim til Bessastaða eður Viðeyjar. Kúgildin uppýngir ábúandi.

Kvaðir eru mannslán, hestlán bæði til alþingis og annarstaðar, jafnvel stundum norður í land og ýmsar áttir, og þetta stundum til samans á einu ári. Dagslættir tveir. Hríshestar tveir. Móhestar einn eður tveir. Torfskurður. Hest að flytja lax úr Elliðaám. Skipaferðir. Timbur í Þingvallaskóg að sækja. Húsastorf á Bessastöðum. Fóður mikið eður lítið; allar þessar kvaðir so undir komnar og með slíkum skilorðum sem áður er sagt. Mesta fóður það menn muna var hestur útgjörður um allan veturinn, sem ekki þreifst og drapst út frá heyjum um sumarmálaskeið, hann mátti bóndinn betala Jóhann Klein, og í tíð Heidemanns gamalt naut.

Engjar mjög litlar.

Kvikfjenaður vi kýr, i kvíga tvævetur, viii ær með lömbum, iii hestar, i hross.

Fóðrast kunna vi kýr, x lömb, i hestur.

Heimilismenn x.

Torfskurður til húsagjörðar slæmur, en til eldiviðartaks viðsæmandi.

Lýngrif lítið, sem áður var, er að mestu eytt. Silúngsveiði valla teljandi til forna, er að mestu af. Selstöðu á jörðin í heimalandi, sem nauðsynlegt er, því jörðin stendur á horni landsins, en er mjög landljett heima.

## Grafarkot.

Hjáleiga af þessari jörðu bygð upp að nýju fyrir 50 árum, þar sem mann meina forn eyðijörð verið hafi og hún fyrir so löngum tíma í auðn komin, að fæstir vita hvað hún hafi til forna kölluð verið; eftir sögn eins gamals manns þykjast nokkrir heyrt hafa, að þessi eyðijörð hafi heitið að fornu Holltastader.

Dýrleika vita menn ekki að nefna, og er hann nú reiknaður í dýrleika heimajarðarinnar.

Eigandinn so hjáleigunnar sem heimajarðarinnar er kóngl. Majestat.

Ábúandinn Haukur Ólafsson.

Landskuld xl álnir. Betalast með fríðu til heimabóndans. Við til húsabótar leggur ábúandinn. Leigukúgildi i, hefur áður ii verið. Leigur betalast í smjöri til heimabóndans. Kúgildið uppýngir heimabóndinn. Kvaðir eru mannslán árið um kring utan sláttar. Dagsláttur einn og fæðir heimabóndinn manninn. Kvikfjenaður ii kýr, i kálfur, ii sauðir veturgamlir. Fóðrast kann iii kýr,

Heimilismenn iii.

Torfskurður til húsagjörðar og eldiviðar bjarglegt ásamt heimabóndanum.

## Oddageirsnes.

Forn eyðijörð og hefur í auðn verið fram yfir allra þeirra manna minni, sem nú eru á lífi. Dýrleikann veit og enginn maður. Eigandinn er kóngl. Majestat. Landskuld er engin og hefur aldrei verið í manna minni, en grasnautn til beitar og slægna brúka nú bæði Grafar ábúendur og Árbæjar; meina menn ómögulegt aftur að byggja fyrir því að tún öll, sem að fornu verið hafa, eru uppblásin og komin í mosa, en engi mjög lítið og landþröng mikil.[9]

Í Nýrri jarðabók fyrir Ísland, sem gefin var út í Kaupmannahöfn 1861 er Gröf skráð 20 hundraða jörð að fornu mati, en samkvæmt nýju mati er Gröf (Suðurgröf) 15.6 en Grafarkot 6.9.[10]

Árið 1942 er fasteignarmat Grafarholts 27.100 kr.[11] Í handriti Björns Bjarnasonar segir, að bærinn hafi verið færður suður fyrir túnið á Gröf, undir holt það norðvestanvert, er Grafarholt nefnist árið 1907, og var bærinn síðan nefndur eftir holtinu.[12]

## III. Landamerkjaskjöl

Í afsals- og veðmálabók fyrir Gullbringu og Kjósarsýslu er eftirfarandi samningur, dagsettur 7. dag nóvembermánaðar 1868:

Við undirritaðir Guðni Guðnason, eigandi jarðarinnar Keldna í Mosfellssveit og Halldór Kr. Friðriksson, kennari við Latínuskólann í Reykjavík, fyrir hönd og í umboði Símonar bónda Bjarnasonar í Laugardælum í Árnessýslu, gjörum öllum kunnugt, sem þetta brjéf okkar sjá eða heyra, að við höfum gjört svo látandi sætt okkar í milli um engjastykki það, sem þræta hefur verið um millum jarðanna Keldna og Grafar og sem liggur niður með Grafarlæk að norðanverðu, að ég Guðni Guðnason sleppi öllu tilkalli til engjastykkis þessa, sem liggur fyrir sunnan línu þá, sem dregin er norðanvert við garðlag það, er liggur norður frá Grafarlæk, ofanvert í engjastykki þessu, beina stefnu úr hólma þeim, sem er í Grafarlæk fyrir neðan áðurnefnt jarðlag og í sunnanvert melbarð það, sem er næst útnorðurhorni Grafartúns, og skal það stykki hjéðan í frá vera óátalin eign Grafar og fylgja þeirri jörð, og afsala jeg mjer og mínum erfingjum hjermeð öllum rjetti til þessa hluta engjastykkisins.

Jeg Halldór Kr. Friðriksson aptur á móti fyrir hönd og í umboði nefnds Símonar bónda sleppi aptur á móti öllu tilkalli til þess hluta engjastykkis þessa, sem er fyrir norðan og vestan áður greinda línu úr hólmanum í læknum og í melbarð það, sem áður er nefnt við útnorðurhorn Grafartúns, og getur hvorki Símon bóndi nje hans erfingjar gjört nokkurt löglegt tilkall til þessa engjastykkis. Gengur nú hvor að sínum hluta engjastykkisins átölulast af hinum, og nýtir sjer og notar sem bezt getur.[13]

Á manntalsþingi fyrir Mosfellshrepp að Lágafelli 4. júní 1890 var eftirfarandi landamerkjalýsing fyrir Grafarlandi í Mosfellssveit lesin:

Að austanverðu. Frá vaði því sem liggur yfir Lambhagaá sem nefnt er Grafarvað og ræður áin þar suður eftir í þúfu við ána þar sem Reynisvatnsland byrjar og úr þessari þúfu beina stefnu í Mýrarskyggnir og úr Mýrarskygnir beina leið í sömu stefnu suður í Hólmsá.

Að sunnanverðu ræður Hólmsá og Bugða alla leið niður í Hól einn fyrir vestan Margróf og er á honum hlaðin upp þúfa. Að útsunnan og vestanverðu eru landamerki beina stefnu úr hólnum fyrir vestan Margróf og í Síldarmannagarð við Grafarvog og greinir þessi lína Grafar- og Árbæjarland; liggur línan yfir svonefndan Selás og eggjar og í Melgranda sem skiptir Mómýri og Borgarmýri. Frá Síldarmannagarði ræður Grafarvogur norður fyrir Grafarlæk í þúfu sem er fyrir norðan lækinn. Að norðanverðu úr þúfunni beina stefnu í fyrnefnt Grafarvað og sömu stefnu til vogs og ræður þessi lína milli Grafar og Keldnalandi.

En þess skal getið að 1868 hefur farið fram sætt um engjastykki innan þessarar línu sem liggur að norðanverðu við Grafarlæk og sjest ekki annað á sáttargjörðinni heldur en

Grafareigandi hafi gefið eptir nokkuð af því engjastykki.

Undir þessa landamerkjalýsingu rita Sigurður Oddsson, jarðareigandi og ábúandi Grafar, Sigurður Guðmundsson, fyrrverandi eigandi og ábúandi, Sigurður Einarsson, búandi Reynisvatni og Ól. Magnús Ólafsson, búandi Lambhaga.

Einnig er til landamerkjasamningur sem innfærður var í Landamerkjabók Gullbringu- og Kjósarsýslu 31.maí 1919, en hann er undirritaður 10. okt. 1909 af Birni Bjarnarsyni og Vilborgu Guðnadóttur:

Við undirrituð eigendur jarðanna Grafar og Keldan í Mosfellssveit höfum samið svo um að landamerki milli nefndra jarða skuli vera:

„bein lína úr Grafarvaði á Úlfarsá (stóra steininum í árbrúninni þar sem farið er út í ána) í stóru (stærstu) þúfuna á sunnanverðu melbarðinu útnorðan við Kolbeinsnef (nyrzt og neðst á Grafartúni og úr nefndri þúfu bein lína í Grafarlæk þar sem hann beygir norðan um Svartanef (í Bláhyl).

Síðan ræður lækurinn merkjum til sjávar um vanalegt flóðfar (um gamla þjóðvegarvaðið).

Á þessum línum skulum við bæði, með jafnri samvinnu þegar í haust láta setja upp merki svo glöggt sje hvar merkjalínan liggur, og á hvort okkar og aðrir, er síðar eignast jarðir þessar fullan rjett til allra landsnytja sín megin (Grafar- og Keldnamegin) merkjalínunnar og lækjarins þar fyrir neðan eftir þeim farvegi er hann nú hefir.[15]

## IV. Tvær örnefnalýsingar

Ari Gíslason hefur samið örnefnaskrá fyrir Grafarholt, en upplýsingar hans eru frá Helgu Björnsdóttur frá Grafarholti.[16]

Í inngangi að skránni segir hann: „Áður en skráin verður skrifuð, er vert að geta þess, að hér bjó alþekktur fræðasjór Björn Bjarnarson. Hann hafði áhuga á öllu er þjóðlegt var, meðal annars örnefnum. Hann skráði ritgerð um örnefni í Árbók Fornl. fél. 1914, og vitnar hann þar í örnefnaskrá fyrir jörð sína, en þessi skrá finnst hvergi.“[17]

## Örnefnalýsing Ara fyrir Grafarholtsland

Gröf og Grafarkot hétu tvær jarðir í Mosfellssveit. Árið 1907 var bærinn fluttur austur fyrir túnið í Gröf undir holt það austanvert, sem heitir Grafarholt, og fékk bærinn sama nafn og holtið. Bær þessi er austur frá vog þeim, sem heitir Grafarvogur. Ofan við veginn upp frá bæ er

nefnt Holtsendi.[18]

Það er vesturendinn á hæðinni Grafarholti. Norðan Grafar heitir Klofningur. Það er lægð, sem liggur upp frá gilinu milli bæjanna. Áður en lengra verður farið með lýsingu þessa, er rétt að taka það, sem hér er um mörkin milli Grafarholts og Keldna. Þau eru frá Grafarvaði, sem er á Úlfarsá, sem reyndar hefur verið nefnd ýmsum öðrum nöfnum, svo sem Lambhagaá og Korpúlfsstaðaá. Úr þessu vaði er stefnan beint í uppsprettumýrarblett, þaðan í stóran stein stakan í Klofningum.[19]

Þaðan eftir gilinu í Þvottapytt hjá Þvottasteini.[20] Þaðan eftir sama gili, sem liggur vestanvert við Grafartúnið, að suðurenda gilsins. Þaðan er bein stefna ofantil um garðsenda í Svartakrók: (Svartanef), sem er við Grafarlæk.

Tjarnengi er nafn á allri mýrinni upp með Úlfarsá frá brúnni á henni upp að Reynisvatni. Í henni neðarlega var reist býlið Engi, og upp af því er gróf, suður í holtið, sem heitir Fylkisgróf.[21] Tjarnengi nær inn að Grátholtslæk, og mýrin heitir Grátholtsmýri í Reynisvatnslandi og er á móts við Úlfarsárbæ. Þá er Grafarvað, sem fyrr er getið. Það er rétt neðar en móts við bæinn Engi. Einar Ben. ætlaði að veita ánni niður Klofninga. Klofningar eru þá lægðin milli Grafarholts og Keldnaholts. Þvottapyttur er ofar í ánni og var notaður frá Lambhaga við ullarþvott, sést vel enn. Þar voru gamlar hlóðir. Sigurður Guðnason, síðasti ábúandi í Lambhaga, notaði þær síðast.[22]

Diskur er nafn á graslaut eða bala upp af bænum.[23] Engi er þar upp á holtinu, og þar hæst á holtinu uppi er Grafarholts- eða Holtsskyggnir. Litliskyggnir er þar neðar og norðar, nær vegi í Klofningum.[24]

Leirdalur er niður af Reynisvatni og austur af Grafarholtinu. Þar ræður Skotfélag Reykjavíkur. Leirdalsklauf er austur úr dalnum austantil. Beint suður af Leirdal og upp af honum er hár ás, sem heitir Grenisás eða Grenjaás.[25] Norðurskál er suðvestan til við Leirdal, en vestan við Grenisás. Norðurskálarklauf liggur upp á snið við Grenisásinn.[26]

Djúpidalur er suðvestur af Grenisás, djúpur dalur. Hann er lokaður inni, en opnast suður að Hvömmum, skáhallt að svonefndum Selbrekkum.[27] Austar og ofar, þegar komið er upp úr Djúpadal, er laut uppi á klapparholti, heita Tvísteinar.[28] Þar vestur og suður af eru Tvísteinalágar. Þegar allt var slegið hér áður fyrr, var þetta slegið, þegar komið var undir haust. Austur og suðaustur af Tvísteinalágum er hæð, sem heitir Mýraskyggnir. Við hann er blautt fífusund.[29] Þar austur af er Almannadalur, sem nær niður að vegi.[30] Neðst í honum er jarðfall, og þá er komið að merki móti Hólmi. Vestan við Almannadal heitir Víðirholt, og nær mynni dalsins niður að Bugðu, er síðar getur.

Þá er að halda niður heiðina vestanverða. Næst er Trippadalur, sem eru móabrekkur

vestan við Almannadal. Þar eru gömul hrossabyrgi. Aðeins vestar er dalur með mold í botni, sem heitir Torfdalur.[31] Það eru smábrekkur. Þar suður af er allstórt holt, sem heitir Klapparholt og nær alveg að vegi og niður fyrir veg.[32] Á því holti var greiðasölustaðurinn Baldurshagi reistur. Vestan holtsins er skógræktargirðing, sem hallar niður að Rauðavatni. Sunnan í Klapparholti var eitt sinn byggð. Svo austur og upp af skógrækt er Úlfhildarbrekka, vestan og norðan við Klapparholtið. Í henni er sumarbústaður.

Þá eru Selbrekkur, er ná alveg frá Rauðavatni upp að Tvísteinum, þar sér fyrir seltóftum efst í aðalbrekkunni. Vestur af þessu eru Álaskyggnisbrekkur. Þær ná ekki alveg niður að vatni. Frá þeim miðjum er holt. Þar á milli eru tvær eða þrjár smábrekkur, svo er Álaskyggnir, hæð með vörðu á, suðvestur af brekkunum.[33] Lyngdalur nær frá Rauðavatni upp eftir og liggur frá suðvestri til norðausturs niður í Skáladal, sem er djúpur dalur.[34] Norðan við hann er Skálahnúkur, stór hnúkur og norðan við hann er Norðurskálin fyrrnefnda. Skáladalur er og fallegur dalur, grasivaxinn upp að lynghlíð. Gríðarstór steinn í austurbrún hangir þar. Þá er Hádegishæð. Norðan við hana er Hádegislág og vestan við hana heita Hádegismóar. Þessi hæð er vestan við Lyngdal, með honum endilöngum. Þá eru Eggjar, sem eru við norðurenda Rauðavatns og ná fram í Árbæjarholt.[35]

Norðan í Hádegishæð, beint í norður, er löng brekka grasigróin, sem heitir Langalaut. Svo er Steinbrekka, sem er sunnan í Grafarholtinu, austan við Grafarkot. Þar var býli sem hét Grafarkot. Þar austur af gegnum holtið er lág, Steinbrekkulág og endar við Fylkisgróf og heldur áfram lengra.[36]

Suður og niður af Steinbrekku austur að Grafarlæk, ofan við Regnbogasilungsstöðina er Kotsmýri. Þar sunnan í Grafarholti er Grafarkot. Það vill Golffélagið fá. Þar er elzta byggðin og hét það Holtastaðir.[37] Þar voru tættur, sem búið er að slétta.

Lambalind er þar sem mætist holt og Kotamýri og liggur niður að aðalveginum.

Stíflumýri er beint fram af Steinbrekku og liggur niður að Bullaugum, niður af Hádegishæð, þar sem Grafarlækurinn byrjar. Teigar eru suður af læk, og Teigahóll er stór grjóthóll, sem er milli Stíflumýrar og Teiga. Þar sem mætast Grafarmýri[38] og Stíflumýri heitir Pálsbyrgi, tættur eftir einsetumann.[39]

Eggjar ná austur, vestan Rauðavatns, framhald af Hádegishæð.[40] Syðst Í smálöndum er Helgustekkur.[41] Með Eggjunum er Mómýri, sem er vestur af Smálöndum.[42] En Smálandabyggðin er reist hér á nafnlausum móum. Þá er Máhvarf, um það liggur nú vegur. Slakki er þar vestur af og svo Borgarmýri á merkjum móti Árbæ, stóra mýrin ofan við veg, sem nú er í görðum.

Jörfi er háhæðin austur af Borgarmýri. Neðan við Mómýri heitir Blettir, norður frá Jörfa

(Jörva). Niður við Grafarvog, vestur af Blettum, er Síldarmannagarður. Þar var veidd síld og (Síldar) kró er inni í botni við læk, við svonefndan Guddumóa.

Bás er þar norður, vestur af Síldarmannagarði.[45] Þar eru merkin móti Árbæ. Hallur heitir þar inn með sjó,[46] og kvosin heitir Dýjamýri[47] og Hallur. Fyrir botni vogsins er Guddumói. Þar lá gamli vegurinn um hann. Þar lágu margar götur, en nú er móinn sléttaður. Við hann, niður við vog, við Grafarlæk, er Kró. Þar upp með læk austar er Svartanef, sem nú er að verða skógræktarstöð. Grímsbær er ofar með læk. Þar bjó faðir Brynka hólms.[48]

Er þá komið upp á móts við Grafarholt.

Norðan við Grafarholtstún er Gil, og vestan í því neðst niður að Gilslæk [49] er Kolbeinsnef. Vestan við Grafarhól er Hroðabrekka. Þessi hóll er nú grafreitur.[50] Harðhaus er beint norðaustur af Grafarhól. Þar austur af Harðhaus er Kúalaut, sem er stór laut í Grafartúni. Norður af Kúalaut, við Gilslæk, er Grímsteigur. Litli- Harðhaus er sunnarlega í túni, suðaustur af Harðhaus.[51] Milli þeirra er Sandgerði. Svo er Hestarétt austan við Grafarhól. Vestur af Litla-Harðhaus eru Sund, upp með læknum[52] og Vörðumelur beint suður af húsinu, sem nú er þar[53] Bláimelur er beint austur af Grímsbæ, vestan við lækinn.[54]

Sléttimelur er melurinn, sem þjóðvegurinn liggur nú eftir. Vestan við Baldurshaga (Klapparholtið) eru Klapparholtsmóar, sem liggja hér suður að Bugðu. Þar suður af, fast við ána, er holt, sem heitir Norðlingaholt.[55] Þar voru margir götutroðningar. Þá er Oddgerðisnes. Þar var byggð, og eru rústirnar suðvestan undir Skyggninum, sem fyrr er getið.

Bugðubakkar eru meðfram ánni beggja vegna. Markgróf er beint suður af viki í Rauðavatni[57], liggur sem lægð frá vatninu að Bugðu. Eftir henni eru margar götur og er hún eins og framhald af Fylkisgróf. Vestur af Markgróf er Sauðadalur. Þar byggði Jens Eyjólfsson eitt sinn. Þar vestur af er Selás, sem dregur nafn af því, að í Sauðadal vestan til var sel, líklega frá Árbæ.[58]

Í landi Grafarholts er Engi. Árið 1975 ritaði Guðbjörg Kristinsdóttir um örnefni í landi Engis eftir Helgu Larsen, húsráðanda á Engi; Bærinn mun áður hafa heitið Tjarnarengi og er byggður úr Grafarholtslandi.[59] Heitir og Tjarnarengi landið fyrir neðan bæinn, meðfram Úlfarsá, eða Korpúlfsstaðaá. Fylkisgróf eða Flikkisgróf heitir grófin rétt vestan við nýja bæinn. Helga telur hana heita Fylkisgróf, eftir Friðrik 8. konungi, er kom hér 1907 og áði í þessari gróf á leið sinni til Þingvalla.[60] Önnur nöfn hefur Helga sjálf gefið. Kolbeinshvamm nefnir hún hvamminn milli Fylkisgrófar og nýja bæjarins, og heitir hann eftir hesti. Tunga heitir landspilda kringum gamla bæinn og niður að ánni. Þar fyrir austan og austur að landamerkjum heitir Austurland. Næst ánni, fyrir miðju Austurlandinu heitir Bakki. Sneplar heita túnin vestan við Tungu, en þar fyrir vestan tekur við Skeiðflöt. [61] Skottið nefnist svo landið þar fyrir neðan,

milli Úlfarsár og Vesturlandsvegar.[62]

## V. Örnefnalýsing Grafarholts

Björn Bjarnarson í Gröf ritaði örnefnaskrá fyrir jörð sína, þar sem skráð eru 320 örnefni. Skráin er varðveitt í Lbs. 361, fol. Gjöf frá höfundi, 2/5 1918. Ritgerðin og athugasemdirnar eru í Árbók Fornleifafélagsins 1914, bls. 9 til 16, en í árbókinni er ritgerðin ekki birt öll, aðeins fá sýnishorn örnefna.

Í formála segir hann m.a.: Jörð mín er það, sem samkvæmt jarðabókinni frá 1861 heitir Gröf (Suðurgröf), 15,6 hdr., og Grafarkot, 6,9 hdr. Árið 1907 var bærinn færður suður fyrir túnið á Gröf, undir holt að norðvestanvert, er Grafarholt nefnist. Bærinn hefur síðan verið nefndur eftir holti því, og heitir jörðin nú að lögum Grafarholt og er 22,5 hdr. Hún er í sunnanverðri Mosfellssveit, á fornhraunsrana þeim, er liggur vestur frá Mosfellsheiði milli Úlfarsár að norðan og Elliðaánna að sunnan. Landið er fremur stórt, nálægt 4 km að breidd frá austri til vesturs, en rúmlega 5 km að lengd frá norðri til suðurs. Það liggur ekki hátt yfir sjó. Grafarholt er 100 m, en hæsti depill landsins, Mýrarskyggnir, 140 m En það er mishæðótt mjög og margbreytt landslagið. Þar eru gígar nokkrir og gjár margar. Gígarnir eru bolladalir (skálar), sem hallar inn í á alla vegu og allt vatn sökkur niður í. Gjárnar eru langar lautir, sem allar liggja í sömu stefnu, milli óttustaðar og nóns h. u. b., eins og í öllu þessu fornhrauni, sem liggur undir öllum nýrri hraunum á Reykjanesskaga og stendur upp úr þeim á sumum stóðum, t.d. Vogastapi o. fl. Hraun þetta mun vera eldra en ísöld, og því eru hraunklappirnar fágaðar, núnar, gjár og gígar að nokkru leyti fyllt og víða staksteinar, Grettistök, hnöttlungar og aurar (melar) ofan á hrauninu. Margir sjávarkampar sjást greinilega í norðanverðu landinu, sunnan Grafarvogs (t.d. á Jörfanum), hver upp af öðrum, hinn efsti um 45 - 50 m yfir sjó nú. Hefur sjór staðið lengst á þeirri hæð, því mest ber á þeim kampi um allt Suðurland. Í einum af hinum lægri (yngri) sjávarkömpum, um 30 m yfir sjó, stendur bærinn nú. Þar sem húsið stendur, er sjávarsandurinn svo hreinn og möl innan um eða í lögum, að nóg af bezta steypuefni í húsveggina fékkst úr sjálfum grunninum (innan veggja).[1]

Í rauninni má segja að mestur hluti Grafarholtslands sé á svæði því sem nefnt hefur verið yngri grágrýtismyndunin og má vel sjá bergsprungur og misgengi á meðfylgjandi korti eftir Jón Jónsson.[2] Álitið hefur verið að grágrýtishraunin hafi runnið frá Borgarhólum Mosfellsheiði í lok næst síðasta hlýviðrisskeiðs. Hraunin hafi runnið á milli fellanna í Mosfellssveit allt til sjávar, en hverfi í suðvestri undir nútímahraun sunnan við Elliðavatn. Kristján Sæmundsson, sem rannsakað hefur grágrýtið í nágrenni Reykjavíkur, telur

grágrýtishraunin komin úr fleiri eldstöðvum en Borgarhólum.[3]

Um syðsta hluta Grafarholtslands hefur Leitahraun runnið.[4] Um Leitahraun segir Jón Jónsson: Fyrir vestan Rauðhóla er hraunið slétt og takmarkar Elliðavatn að norðan og austan, þ. e. a. s. eins og vatnið var áður en Elliðaárnar voru virkjaðar.

Það hefur svo runnið um þröngt sund norðan við Skyggni. Myndast svo enn ein hraunsléttan í því og nær hún norður með Selási að vestan. Nyrzt á því svæði þrengist enn á nú um hraunið, og er það mjög mjótt, þar sem vatnsveitubrúin nú er. Svo beygir það vestur, fellur fram af allhárri brún vestan við Árbæjarstíflu, beygir loks til norðurs og endar í flögum tanga í Elliðavogi, nálægt því 300 m norðan við þjóðveginn. Hefur það þá runnið því sem næst 28 km leið frá eldvarpinu.

Fyrst var gerð aldursákvörðun á mó, sem Jóhannes Áskelsson fann 1953 undir Leitahrauni rétt ofan við brúna yfir Elliðaár. Samkvæmt $C^{14}$ aldursákvörðun reyndist mórinn 5300 +/- 340 ár. Sumarið 1965 lagði Vatnsveita Reykjavíkur nýja vatnsæð til borgarinnar. Var þá sprengdur skurður í gegnum Leitahraun suður og vestur að Elliðaárstöðinni. Kom þá í ljós, að undir hrauninu var mýri, sem vaxin hefur verið birkikjarri áður en hraunið rann. Jón Jónsson, jarðfræðingur sendi efni úr mýrinni til nýrrar aldursákvörðunar og var hún framkvæmd á rannsóknarstofu háskólans í Uppsala og sýndi hún að gróðurleifarnar voru 4630 +/- 90 ára, þ.e. töluvert yngri en samkvæmt fyrri aldursákvörðun.

BB nefnir sjávarkamba þá sem mjög eru greinilegir í landi Grafarholts t.d. á Jörfanum og þar sem bærinn stendur nú. Um þessar menjar segir Þorleifur Einarsson: Hér á landi eru sjávarminjar frá ísaldarlokum mjög algengar, en þær mynduðust, er landið var að jafna sig, eftir að fargi Ísaldarjökulsins létti. Við Reykjavík eru þessi fornu fjörumörk: Í 43 m hæð.[7] Hann segir einnig að hæstu fjörumörk um land allt virðist vera um 11.000 ára gömul, en þá mun hækkun sjávarborðsins og lyfting landsins hafa verið jafnhröð örnefnaskrá Björns Bjarnarsonar er þannig gjörð að í fremsta dálki er raðtala (tala örnefna), þá örnöfnin Í stafrófsröð, þá fjórir dálkar merktir a., v., a., s., er táknar nöfn höfuðáttanna og er í hvern þeirra sett tala þess örnefnis, er liggur í þá átt frá því örnefni, sem nafn á í þeirri línu.

Sem sýnishorn tek ég fyrstu fjögur nöfn skrárinnar:

| | a | v | n | s |
|---|---|---|---|---|
| 1. Akbraut (fyrir heyflutn. af Leirdal) | 186 | 186 | 179 | 204 |
| 2. Akbrautarmelur | 186 | 166 | 186 | 204 |
| 3. Almannadalur efri (hlutinn) | 191 | 34 | 200 | 40 |
| 4. Almannadalur neðri (hlutinn) | 191 | 304 | 40 | 30 |

Nöfnin,sem hann skráir á þennan hátt. eru 320. Til þess að geta skilið skrána og til þess að fá yfirlit yfir örnefnin, þarf að taka hvert nafn fyrir sig og bera það saman við þau fjögur nöfn sem standa að baki tölunum í áttadálkunum.

Ég veit ekki til þess að nokkur maður hafi skráð örnefni á þennan hátt á undan Birni og ekki veit ég heldur um nokkurn sem hefur samið slíka skrá um örnefni einnar jarðar hvorki fyrr né síðar. Ástæðan fyrir því að hann semur skrána á þennan hátt hlýtur að vera sú að hann hefur skort góð kort til að merkja inn á. Það er því ekkert áhlaupaverk að reyna að skrá nöfnin á kort. Ég vona samt sem áður að tilraun mín til að skrá nöfnin á kort sé spor í rétta átt og geti auðveldað þeim sem síðar vildu fullkomna verkið.

Auk skrárinnar fylgir í lok ritsins kafli með athugasemdum um nöfnin og eru þær til mikils hagræðis.

Örnefnalýsing sú sem ég hef reynt að setja saman er því að mestu leyti byggð á upplýsingum Björns, bæði skránni og athugasemdunum en ég get hverrar heimildar þar sem öðru er bætt við.

Í fyrstu vil ég rekja þau örnefni sem eru á eða við landamerki jarðarinnar. Á merkjum að austan er fyrst <u>Merkjaþúfa</u> 1 á Úlfarsárbakka á <u>Tjarnengi innra</u> 2, alveg á austurenda þess. <u>Úlfarsá</u> 3 er því á mörkum. Um nöfn á ánni segir Steindór Björnsson: Efsta hluta ár þessarar kynntist ég þegar á barnsaldri (8 - 11 ára) og heyrði og lærði þá á henni nokkur nöfn: <u>Úlfarsfellsá</u> 4, <u>Kálfakotsá</u> 5, <u>Lambhagaá</u> 6, <u>Fossaleynisá</u> 7, <u>Korpúlfsstaðaá</u> 8 (5 nöfn). Nokkru síðar heyrði ég enn 3 nöfn á ánni: <u>Grafará</u> 9, <u>Reynisvatnsá</u> 10 og <u>Óskotsá</u> 11. Níu km smá-á hafði þarna 8 nöfn og þó ekkert þeirra hennar rétta nafn.

Löngu síðar skildi ég, að öll þessi nöfn voru í raun og veru nöfn vaðanna á ánni, aðeins endingunni: vað var sleppt, en endingunni -á verið skellt við í staðinn. Ég var fluttur að heiman fyrir nokkru og orðinn búsettur Reykvíkingur, orðinn Reykvíkskur, ekki Reykvískur þegn, líklega nær þrítugur, þegar faðir minn sagði mér eitt sinn rétta nafn árinnar: Úlfarsá, og hvar það væri skráð. Hafði hann þá fyrir nokkru rekizt á nafnið í Landnámu.[8] Í sömu grein rekur Steindór það hvernig nafnið <u>Korpa</u> 12 er til komið.

Ef við höldum í suður með merkjum komum við að <u>Merkjakverk</u> 13, þar sem landið hækkar frá Tjarnengi innra.

Við Merkjakverk í vesturátt er <u>Leirdalsbrekka</u> 14 og síðan komum við að <u>Leirdalshálsi</u> 15 og í honum eru <u>Merkjamóar</u> 16.

Næst verður fyrir okkur <u>Akbrautarmelur</u> 17 og <u>Akbraut</u> 18, Akbraut sú, er örnefni þessi eru kennd við, er rudd yfir Leirdalsháls til heyflutnings af <u>Leirdal</u> 19 (BB).

Merkjalínan fer síðan um norðanverða <u>Nónáskinn</u> 20 og <u>Leirdalsklauf</u> 21, <u>Steinaklöpp</u>

22, Tvísteinalágar 23, Tvísteinahæð 24, Tvísteina 25, Skyggnismýri 26 og í Mýrarskyggni 27. Á Nónás er dagsmark frá Reynisvatni (BB). Mýrarskyggnir er hæsti hluti landsins, 140 m á hæð.

Við höldum síðan niður í ofanverðan Almannadal efri 28, á ská Milli dala 29, vestan við Hestabrekkur 30, niður í Mjódalsmynni 31, niður í Fossnes 32 og þar í Bugðu 33. Við Fossnes er Fossinn 34. Bugða ræður merkjum frá Fossnesi, fram hjá Vegbrekkum innri 35, Hrossanesi 36, Vegbrekkum ytri 37 og Almannadalamynni 38 að Elliðavatni 39. Áður en stíflan var gerð voru vötnin tvö, Elliðavatn og Vatnsendavatn 40.

Nú er hluti þess svæðis, sem ýmist hét Oddagerðisnes 41, Oddageirsnes 42, Oddi 43 eða Bugðunes 44, undir vatni.

Bakkarnir við ána voru að austan nefndir Bugðubakkar innri 45 en að vestan Bugðubakkar ytri 46. Á Bugðunesinu er svo Oddhóll 46 syðst, Oddagerði 47, Oddaskyggnir 48 og Enghóll 49. Vestur af honum er Bakkaengi 50.

Um nafnið á ánni segir Karl E. Norðdahl: Áin heitir Hólmsá 51,ekki Bugða, allt vestur á móts við Baldurshaga. Síðan heitir hún ýmist Hólmsá eða Bugða þar til hún fellur í afveitulónið. Nafnið Bugða á þessum hluta árinnar var notað af ábúendum Elliðavatns og Grafar (Grafarholts). Vegagerð ríkisins brúaða Hólmsá og lagði veg af Suðurlandsvegi í Rauðhóla árið 1926.[9]

Í landamerkjalýsingunni frá 1890 segir að Hólmsá og Bugða ráði merkjum að sunnanverðu alla leið niður í hól einn fyrir vestan Margróf 52 (Markgróf) og er á honum hlaðin upp þúfa. Að útsunnan og vestanverðu eru landamerki beina stefnu úr hólnum og í Síldarmannagarð 53 við Grafarvog 54. Lína þessi greinir Grafar- og Árbæjarland.

Línan liggur frá hólnum yfir Norðlingaholt 55, Harðavöll 56, Brekknaás 57, Selás 58, vestanverðan, Kverk 59 (Seláskverk), neðst, Kverkarholt 60, vestanvert, Eggjar ytri 61, Merkjavörður 62, Merkjaklöpp 63, Borgarmýri 64, austanverða, Jörva 65, austanverðan, Jörvamel 66, Bletti ytri 67, Ytriurð 68 Síldarmannabrekku 69, austanverða í fyrrnefndan Síldarmannagarð.

Frá Síldarmannagarði liggur svo leiðin með Grafarvogi, um Fjörur 70, við Innriurð 71, fram hjá Litlatanga 72, um Leirur 73, í Vogbotninn 74, fram hjá Vogkrika 75, Krókbarði 76, Vogkrókum 77, Miðvik 78 í Króna 79 við Ósinn 80 (Lækjarósinn).

Frá Krónni réð lækurinn merkjum að Svartanefi 81 við Bláhyl 82. Þaðan í þúfu á sunnanverðu Melbarði 83 útnorðan við Kolbeinsnef 84, sem er nyrzt og neðst á Grafartúni. Síðan lágu merki um Kálfamóa 85, Klofning (a) 86, Tjarnhól 87 í Grafarvað 88. Frá Grafarvaði með Tjarnengisbökkum 89 í Merkjaþúfu þá, sem fyrst var nefnd.

Holtið heitir Grafarholt 90. Efst á holtinu er Holtsskyggnir 91 og þar fyrir austan er vellislág sem nefnd er Diskur 92. Í gegnum Grafarholt liggur sprunga eða gjá frá norðaustri til suðvesturs. Nyrst er hún greinilegust þar sem heitir Flikkisgróf (Fylkisgróf) 93. Síðan um Flikkisgrófarlág 94 Holtslág 95, Djúpulaut 96 og Steinbrekkulág 97. Þar sem Grafarholti hallar til suðurs heitir Suðurkinn 98. Austur af Grafarholti er Leirdalur. Vestan við Flikkisgróf er Grófarhóll 99. Tjarnengi, sem þar eru fyrir norðan, skiptir BB þannig að hann kallar austurhlutann Tjarnengi innra en vesturhlutann Tjarnengi ytra 100. Fyrir sunnan Tjarnengi eru Lönguflög 101. Þar sem Grafarholti hallar til norðurs heitir Norðurkinn 102. Teigarnir norðaustur af holtinu heita Kapalteigar 103.

Frá Klofningi rennur Klofningslækur 104 og kemur hann að mestu úr Klofningsmýri 105. Í Klofningi er Þrætusteinn 106. Austan Klofningsmýrar eru Pétursteigar 107.

Vestan Steinbrekkulágar er Steinbrekka 108 og vestan Djúpulautar er Hryggur 109. Norðaustur af Hrygg er Dagmálavarða 110. Norðvestur af Hrygg er Holtsrani 111. Vestur af Steinbrekku er Þríhyrna 112. Efst í Grafarkotstúni, nálægt Steinbrekkunni er Borgarbrekka 113 og þar fyrir ofan er Brekkuborg 114. Suður af Steinbrekku er Steinbrekkutún 115, Litlamýri 116, Smáholtin 117, Flagholt 118 og Flagið 119.

Í athugasemdum um örnefnin segir BB um Leirdal: Þetta er uppþornað og nú gróið tjarnstæði (forn gígur?). Nafnið bendir til, að það hafi gróið upp á síðari öldum. Vatn stendur þar á vetrum eftir leysingar, verður oft djúpt, en hverfur á vorin, enda liggur forn gjá, ein eða fleiri, gegnum dalinn. Kemur vatnið upp niður við Úlfarsá fyrir norðan Leirdalsháls og heitir þar Lýsingslækur og Tvíbytna (Í Reynisvatnslandi, af tveimur uppgönguaugum í pyttinum), Grafarheiði.

Sunnan Leirdals gengur ás í norður frá heiðinni sem nefndur er Grenás 120. Vestur af honum er Djúpidalur 121 og þar suður af kemur Kotsklofningur 122 og í honum er Þverholt 123 Þá verður fyrir okkur önnur af tveimur skálum sem ganga inn í heiðarsvæðið og er það Norðurskál (Skálardalur) 124. Norðan hennar eru Þverbrekkur 125 og Skálarklauf 126 og síðan Kletthólar 127 sunnar. Norðaustan við Grenásinn er Grenurð 128 og Urðarlág 129. Á Grenásnum er Smyrilshöfði 130. Um hann segir BB: Á höfða þessum var ekki nafn kunnugt, en eftir að smyrill varp þar fyrir nokkrum árum, fékk hann þetta nafn. Uppi á Smyrilshöfða er Höfðaver 131. Í Grenás, vestan Smyrilshöfða, er Gjáin 132. Milli áðurnefndra skála er Skálarhnjúkur 133. Vestan við hann er Hnjúkkinn neðri 134 og austar Hnjúkkinn efri 135. Milli skálanna er Launstígur 136. Suður af Skálarhnjúk er Skál 137. Um hana segir Björn: Skál þessi er greinilegasti forngígurinn í landi jarðarinnar, hæðir á alla vegu, þó lægst að norðan.

Austur af Skál er Skálahæð 138 og Hæðarver 139 við hana. Suðaustur af Skál

eru Skálargeirar 140. Fyrir sunnan Skál er Hádegishæð 141 og á henni er Hádegisvarða 142. Norðan Hádegishæðar eru Hádegisbrekkur 143 og Langalaut 144. Hæðarás 145 liggur frá Hádegishæð. Vestur af Hádegishæð eru Hádegismóar 146 og Vörðulágar 147. Þá erum við komin að Gamla vegi 148, sem lá um Leirdal, Kotsklofning, Flagið, Vörðulágar og eftir Eggjum.

Austur af Hádegishæð er Lyngdalsklauf 149, Köst 150, Álfaskyggnir (Álaskyggnir) 151, Álfaskyggnislágar 152 og Flataklöpp 153. Ef við höldum lengra austur komum við að Selholti 154, Selbrekkum 155, Grafarseli 156 (þar eru seltæftur) og Selhóli 157. Milli Hæðarvers og Selholts eru Hámóar 158.

## Rauðavatn

Vikin við Rauðavatn eru að norðan Sandvik (Norðurvik) 159 og Lyngdalsvik: 160, að austan Austurvik 161 og að sunnan Suðurvik 162. Ofan við Sandvik eru Sandvikslágar 163 og upp frá Lyngdalsviki Lyngdalur 164 og Lyngdalsbrekkur 165. Hlíðin þar fyrir austan heitir Vatnshlíð 166. Austan við vatnið er Úlfhildarholt 167 og Úlfhildarbrekka 168. Milli Selhóls og Úlfhildarholts gengur dalur, Moldardalur 169 og Moldardalsgeirar 170 upp af honum. Þá erum við komin að Byrgisholti 171 en fyrir sunnan holtið er Trippadalur 172. BB segir um Trippadal: Þetta er einn af hinum mörgu bolladölum hér í landinu; alls eru þeir um 10 auk Rauðavatns. Nafnið er nýlegt.

Austan við Trippadal er Stórholt 173 og síðan Dalhaft 174 sem skilur Almannadal efni frá Almannadal neðri 175. Ef við höldum frá Almannadalsmynni eftir merkjum verður fyrir okkur Vegholt 176 og fyrir norðan það er Víðirholt 177 og Tóftarlág 178 milli Stórholts og Víðirholts. Þar vestur af eru Borgarholt 179 og Borgarholtsbrekkur 180 sunnan í holtinu. Vestan í Borgarholti er Borg 181, gömul í fjárborg og tóft nálægt skóg ræktargirðingunni, Sauðahús 182. Sunnan skógræktargirðingar eru tvö holt, Lágholt 183 og Klapparholt 184. Milli holtanna er Klapparholtslág 185 og fyrir sunnan og vestan Klapparholtið eru Klapparholtsmóar 186.

Nesið milli Bugðubakka, Oddagerðisnes, var einnig nefnt Stíflunes 187, en það nafn er auðvitað yngra. Oddinn var einnig nefndur Bugðunes eða Suðurnes 188. Oddagerðið var einnig nefnt Oddageirsnes.

Landspildan milli Rauðavatns og skógræktarinnar er nefnd Jaðar 189.

Skógræktargirðingin 190 eða Skógræktarstöðin við Rauðavatn er frá byrjun þessarar aldar. Skógræktarfélag Reykjavíkur hið eldra var stofnað árið 1901 fyrir atbeina Þórhalls

Bjarnarsonar síðar biskups. Tilgangur félagsins var að rækta skóg á 11 ha landsspildu, er félagið festi kaup á, suðaustanvert við Rauðavatn. Félagið hóf strax skógrækt við Rauðavatn og lagði C. E. Flensborg skógfræðingur á ráðin um starfið og stjórnaði því í fyrstu fjögur árin. Allmikið var aðhafst fram á árið 1912 en eftir 1914 féll starfsemin að mestu niður. Árið 1938 afhenti Knud Zimsen borgarstjóri, Skógræktarfélagi Íslands Rauðavatnsstöðina með samþykki þeirra hluthafa sem þá voru enn á lífi.

Er skógræktarfélag Reykjavíkur var stofnað 1946 féll í hlut þess umráðaréttur stöðvarinnar.[15]

Valtýr Stefánsson ritaði eftirfarandi í Ársrit Skógræktarfélagsins árið 1958: Fyrstu skógræktartilraunir hér á landi með barrviði voru ekki umfangsmiklar, og dró það mjög úr árangrinum. Langkunnust er tilraunin, sem gerð var hér við Rauðavatn. Flestir hafa séð gróðrarstöðina þar tilsýndar. Hún liggur rétt við fjölfarnasta þjóðveg landsins. Hinar lágvöxnu, kræklóttu, jarðlægu fjallafurur sem gróðursettar voru við Rauðavatn fyrir hálfri öld, eru ættaðar sunnan úr Alpafjöllum, úr allt öðru loftslagi og öðrum jarðvegsskilyrðum, en þær lifa við þarna. Auk þess eru þær að eðlisfari bæði margstofna og lágvaxnar í heimkynnum sínum, svo að úr þeim verða aldrei teljandi nytjaviðir. Þess vegna má telja það furðu sæta, að fjallafura þessi skuli hafa hjarað hér, en ekki dáið gjörsamlega út. Á hinn bóginn er það auðsætt, að þessi skógræktartilraun við fjölfarnasta þjóðveginn hefur dregið mjög úr skógræktaráhuga manna og valdið íslenskri skógrækt miklum álitshnekki, vegna þess að menn hafa hvorki vitað, hve trjátegund þessi er lítilfjörleg að eðlisfari, né heldur að hún er hingað flutt frá veðurskilyrðum, sem eru með öllu ólík Íslensku veðráttufari. Samtímis voru einnig gerðar tilraunir á Þingvöllum og við Grund í Eyjafirði.[16]

Á Örnefnastofnuninni er til uppdráttur af svæðinu kringum Rauðavatn eftir Steindór Björnsson. Ef við berum saman nöfn þau, sem hann ritar á uppdráttinn, og hins vegar nöfn þau, sem Björn gefur, verður fyrir okkur smávægilegur mismunur. Hæð sú sem Björn kallar Selás, suðaustan við Rauðavatn, ber heitið Selhóll í handriti Björns. Selásinn vestan við Rauðavatn ber nafnið Melás 191 innan sviga hjá Steindóri. Hann nefnir Álfaskyggni Álaskyggni. Steindór merkir Klapparholtsvað 192 við Bugðu og götuna frá vaðinu. Bakkaskyggnir 193 er sýndur á uppdrætti hans og er það líklega sá sami sem Björn nefnir Oddaskyggni og Oddagerðisskyggni 194. Björn nefnir í athugasemdum sínum að reik og ruglingur sé kominn í örnefnin á nesinu.

Í Jarðabók Árna Magnússonar er Oddageirsnes talin forn eyðijörð „og hefur í auðn verið fram yfir allra þeirra manna minni, sem nú eru á lífi.“[17]

Við Bakkaskyggni staðsetur Steindór Norðlingaholt, en Björn telur Norðlingaholt vera fyrir vestan Markgróf. Ég tek hér upp það sem Björn segir um Norðlingaholt:

Um uppruna þessa örnefnis er ókunnugt, en mér þykir líklegt, að það stafi af umferð Norðlinga þar. Þegar þeir fóru til Suðurnesja, lá leið þeirra um Mosfellsheiði og yfir Mosfells sveit. Á fyrri öldum var lítið að erinda til Reykjavíkur, sem þá var aðeins eitt býli. Lá þá beinast við að slá sér í austanveginn hjá Rauðavatni; er örstutt úr Grafarvogi suður í hann, enda er enn sýnileg stór fornvegarskora yfir Hádegismóa hjá Hádegisvörðu í þá stefnu, ótrúlega djúp til að geta verið heimilisgata frá Gröf og að öðru leyti lítil ástæða til slíkrar umferðar þar þaðan. En hafi Norðlingar farið þá leið, lá vegur þeirra meðfram Norðlingaholti að austan og sunnan. Á suðurleið sást þar fyrst til ferða þeirra frá næstu bæjunum þar, Elliðavatni og Vatnsenda Um nesið fyrir sunnan Klapparholt segir BB:

Frá Klapparholtsmóum getur þarna mishæðóttur lyngmóahryggur suður í flatlendið, sem Elliðavatnsengjar 196 eru á, og beygist Bugða fyrir hann, rennur meðfram honum og myndar þannig langt og eigi breitt nes eða odda. Syðst í oddanum er stór hóll eða holt, en í lægð norðan við hann hefur bær verið og fleiri byggingar. Eru þar rústir mjög fornlegar. Vestur frá þessu aðalnesi gengur lítið nes, slægnablettur, sem enn er nefnd Oddagerðisnes. (Á því byggði Benedikt heitinn Sveinsson í fyrstu flóðstíflu sína til að veita á Elliðavatnsengjarnar, en hún sprakk og braut um leið af nesinu; var svo byggt ofar). Þvert yfir nesið er afar forn girðing, frá Bugðu austan við Skyggnirinn, vestur yfir norðanvert við hann, lítið eitt á ská til norðurs og vestur í ána aftur fyrir norðan Oddagerðisnes. Bæjarrústirnar standa suðvestan undir Skyggninum upp frá Oddagerðisnesi. Er líklegast, að býlið hafi heitið Oddagerði (af garðinum yfir Oddann?), og hefi ég hér ritað örnefnin að nokkru leyti samkvæmt því. Mannvirkin þarna eru jafnfornleg eins og á þingstaðnum við Elliðavatn.

Yfir Klapparholtsmóa liggur gömul gata frá Almannadal, yfir Markgróf, upp Sauðadal, Vegarskarð 196 og til Árbæjar.

Björn telur að fimm leiðir hafi legið frá Almannadal:

l) vegur til norðurs hjá Reynisvatni niður til veiðistöðvanna við sunnanverðan Kollafjörð, í Blikastaðagerð (þar sjást enn fiskbyrgin), Geldinganesi (?) og Gufunesi, til verzlunar við kaupmenn, sem þar hafa legið á hinum góðu höfnum (t.d. Hallfreð vandræðaskáld á Leiruvági) og til Viðeyjar.

2) vegur til vesturs um Árbæ til Seltjarnarn[e]ss

3) vegur til útsuðurs yfir Elliðaár á (Vatnsenda-) Skyggnisvaði um Vatnsenda, Vífilsstaði til Hafnarfjarðar, Álftanes og suður með sjó.

4) vegur fyrir ofan Rauðhóla og sunnan Elliðavatn, er farinn hefur verið, þá er Elliðaár þóttu torfærar á vöðunum fyrir neðan Vatn.

5) vegurinn austur frá öllum fyrrnefndum stöðum, sameiginlegur upp undir Lyklafell,

hverja leið er svo skyldi fara austur yfir Hálendið (fjallið), eins og fyrr segir. Einnig til selfara upp í heiðina. Nessel, frá Nesi við Seltjörn, var t.d. í Seljadal, í Þormóðsdalslandi, Viðeyjarsel við Selvatn? o. s. frv.

Þá hefur Almannadalur borið nafnið með réttu. En hvenær vegarstefnurnar hafa breytzt, má sjálfsagt finna með söguransókn, sem ég hefi eigi hentugleika til. Það hefur líklega orðið um sama leyti sem stefnu Mosfellsheiðarvegarins var breytt og hann lagður um Seljadal. Þá hefur Dyravegur hallazt norður saman við hann hjá Miðdal (Mýrdal?), Mosfellsheiðarvegur lá áður um Illaklif sunnan við Leirvogsvatn og ofan Mosfellsdal. Í Illaklifi eru djúp spor í klappirnar og vegurinn auðrakinn alla leið, þá sjaldan hafi farinn verið á síðari öldum. Á þeirri leið er Tjaldanes, þar sem Egill fyrst var heygður (nú nefnt Víðiroddi).[20]

## Eggjar

Svæðið frá Grafarvogi að Bakkaengi. Ég hef hér á undan þrætt nöfnin á merkjum. Fyrst verður fyrir okkur Sauðaskyggnir 197, rétt vestan við Rauðavatn og Sauðadalur 198 þar upp af. Þar fyrir ofan er áðurnefnt Vegarskarð, þar sem vegurinn lá frá Almannadal til Árbæjar.

Undir Eggjum innri 199 eru Breiðumóar 200 og suðaustan við móana er Tjaldbrekka 201, þar sem BB segir að veitingatjald hafi staðið eitt sumar. Sunnan Tjaldbrekku er Selásinn og BB telur líklegt að sel hafi staðið suðaustan undir ásnum í landi Árbæjar. Aftur á móti hefur Grafarsel verið fyrir austan Rauðavatn, í Selbrekkum, milli Selholts og Selhóls, sem Steindór Björnsson nefnir Selás. Á Eggjum innri er Pálsbyrgi 202, tættur eftir einsetumann. Vestan Breiðumóa er mýri, sem nefnd er Kringla 203.  Norðan við Eggjar er Stekkur 204 og Stekkjarlágar 205 útsunnan við hann en ofan við hann Stekkjarurð 206. Norðan við þetta svæði eru Stekkjarmóar 207 og Börð 208 (Stekkjarmóabörð).

Mýramót 209 eru milli Borgarmýrar og Mómýrar 210. Syðst í Mómýri er Mómýrarkriki 211, líklega hið sama og Ari nefnir Móhvarf 212. Við austanverða Mómýri er Mómelur 213 og síðan Sléttimelur 214.

Í Grafarvoginn sunnanverðan renna tvær lækjarsprænur, Hallalækur 215 og Klifs/lækur 216. Brekkan, sem Hallalækur rennur um er nefnd Hallar 217. Þar eru Hallagrafir 218 efst. Milli lækjanna er mýri sem nefnd er Klifsmýri 219. Í örnefnalýsingu Ara Gíslasonar er hún nefnd Dýjamýri 220. Klifslækur hefur nú að mestu brotið hið forna Grafarklif 221. Síðar hefur vegur verið lagður upp úr Vogkrikanum og nafnið flutzt þangað.

Vestan við Grafarklif er Blettalind 222, Blettakelda 223 og Blettaskyggnir 224. Björn skiptir Blettunum í tvennt, Bletti innri 225 og Bletti ytri.

Við Ytriurð er Urðastígur 226. Vestur af Síldarmannagarði er Bás 227. Í Vogbotni er Skerið 228.

## Grafarlækur

Nónholt 229 er 36 metrum yfir sjávarmál, vestan við Grafarlæk og þar var Nónvarða 230. Þar eru dagsmörk frá Gröf og Keldum. Vestan við Nónvörðu er Byrgismói 231. Austan við Nónholt sveigir vegurinn í áttina til brúarinnar á læknum og heitir sá kafli Sveigur 232. Norðvestan Nónholts eru þrír móar. Fyrst kemur Kargi (Kargamói) 233, síðan Guddumói 234 og þá Yztimói 235 við Miðvik. Við Guddumóa eru Réttir 236 og Skoran 237, upp af Yztamóa.

Við Lækjarósinn er Ósmelur 238 og á honum er Miðaftanssteinn 239. Króargarður 240 er um Króna og Ósvað 241 við Ósinn.

Króin hefur verið byggð um ós Grafarlækjar með þeirri hugmynd að veiða þar lax með því að draga net fyrir opið um flóð. Nú hefur veiði í vognum verið tekin af jörðunum og Króin því ekki notuð, veggir fallnir.

Ef við þræðum örnefni upp með Grafarlæk þá verður fyrst fyrir okkur Svartanef, Bláhylur, síðan Svartistokkur 242 og Flúðir 243. Þar ofan við ána er Fit 244 og Lækjarteigar 245. Við Lækjarteiga er Gatan 246 og á miðju svæði því,sem nefnt er Fit, er Fitarvað 247. Þar ofan við er Mjóistrengur 248, Laug 249 og Laugarnef 250. Ofan við lækinn er Veita 251 og Veitunes 252. Fyrir sunnan Veitunes er Krappi 253 við lækinn og Krappanef (Krappanes) 254. Þá kemur Bæjarvað 255 og Hávaðar 256. Upp af Krappanum er Brekkukriki (Lindar-kriki) 257.

Norðaustan Lækjarins á þessum stað er Bæjarhóll (Grafarhóll) 258 þar sem bærinn Gröf 259 stóð. Austan við hólinn er Hlaðvarpi 260 og Sauðagerði 261. BB segir um Sauðagerði:

Á sauðaútflutningsárunum voru hér geymdir 2200 sauðir um tíma, gerði til næturbyrgingar búið til á þann hátt, að í túninu var rist ofan af löngum flögum og þökunum hlaðið í garða á ytri brúninni. Fyrir austan Sauðagerði voru Fornufjós 262 og Kúalág 263. Brekkan við Bæjarhólinn heitir Brattabrekka (Hroðabrekka) 264. Þar fyrir vestan er Kolbeinskinn 265 og Kolbeinsnef. Norður af Gröf er Traðarflöt 266 og Traðartún 267. Þar hjá er svo Gilið 268, Gilkinn 269 og Gilgrund 270. Um Gilið segir BB: Grafirnar, sem margt af bæjum á landi hér dregur nafn af, eru oft; grónar, djúpar geilar eftir læki; svo er hér.[24]

Á merkjum er Melbarð að vestan en Harðanef 271 að austan.

Hæðin austan við Gilkinn heitir Harðhaus 272 og á honum er Kofahóll 273. Austan við

Harðhaus er Grímsteigur 274. Brekkan 275 er suðaustur af Kúalág. Ofan við hana er Gerði 276 og Jaðrar 277. Fyrir sunnan Kúalág er Suðurlág 278, Túnhali 279 og Ullarflöt 280. Við lækinn er Harðbali 281.

Vestan við læk er Aukatún 282 og í því er Kvíahóll 283 og Kvíasteinn 264. Kvíar voru þar vestan við steininn, en eru nú útstléttaðar, veggir í fluttir burt.[25] Þar fyrir austan er lítið nes við lækinn, kallað Þjótta (Þjóttunes) 285. Austan við Þjóttu er Grafageiri 286 og Melakriki 287. Ofan við Melakrikann er Sáðreitur 288 og enn þar ofar Grásteinn 289 og Grásteinsholt 290. Fyrir sunnan Aukatún er Stöðulflöt 291 og Stöðull 292. Vestan við flötina er Harðagrund 293 en sunnan við hana Blámamelur (Bláimelur) 294. Við lækinn eru Vætlur 295. Fyrir sunnan Vætlur er Lækjarbrú 296 og Melaskarð 297. Melhóll er austan við Lækjarbrúna, nefndur Kollur 298. Austan við Melhólinn er Lindasund 299, milli Kolls og bæjar. Fyrir sunnan Koll er Votasund 300 og Tjaldanes 301. Nesið fékk nafn af því, að vegagerðar-menn lágu þar meðan þeir byggðu brúna á lækinn.

Við Neðrikrika 302 eða Dýjakrika 303 er Bröndufoss 304. Í krikanum er Gránadý 305. Austan við Dýjakrika er Brautarholt 306. Fyrir sunnan Brautarholt er Grjótholt 307. Þríhyrnan, áður hefur verið nefnd, er eiginlega framlenging Lindasunds fyrir sunnan veg. Ofan við Lambalind 308, sem leidd hefur verið heim, er Lindarbarð 309.

Þar fyrir sunnan er Kotsmýri 310. Fyrir austan Kotsmýri var Grafarkot 311. Kotið stóð á hól sem nefndur er Kothóll 312. Rétt þar hjá er Öskuhóll 313 og Tóftarkriki 314. Árni Magnússon nefnir í jarðabók sinni að jörðin hafi heitið að fornu Holtastaðir. Um rústirnar segir BB: Fornu rústirnar eru miklar um sig. Túnið hefur verið mikið stærra fyrrum og girt, en utan við það afar fornir (alsokknir) garðar og fjárbyrgi. Borgir og byrgi hafa víða verið hér, enda ætíð fremur á beit en gjöf að byggja fyrir sauðfé.[27]

Mýrin fyrir sunnan kotið heitir Stíflumýri 315 og þar er Stífla 316 og upptök: Grafarlækjar 317 sem nefnd eru Bullaugu 318. Suður af Bullaugum er Hádeglslág 319. Vestan við Stíflu eru Teigar 320, Teigahóll 321 og Teigagrafir 322. Norðan við Teiga er Litliteigur 323 og við lækinn þar fyrir norðan eru Lækjarmelar 324 og Efrikriki 325. Þar norðvestur af melnum er Langabarð 326. Milli Kotsmýrar og Smáholta er lítill hóll sem nefndur er Grjóthóll 327.

Hér lýkur örnefnalýsingu svæðisins við Grafarlæk en hluta þess svæðis hef ég kortlagt sérstaklega í mælikvarða 1 : 2000 þar sem staðsetning nafna verður mjög óljós á kortum sem dregin eru í stærri mælikvarða þegar slíkur örnefnafjöldi eru skráður á ekki stærri landsspildu.

**Stafrófsskrá örnefna**


Akbraut 18
Akbrautarmelur 17
Almannadalsmynni 38
Almannadalur efri 28
Almannadalur neðri 75
Aukatún 282
Austurvik 161
Álfaskyggnir (Ála) l51 – Álaskyggnir
Álfaskyggnislágar 152
Bakkaengi 50
Bakkaskyggnir 193 – Oddaskyggnir
Bás 227
Bláhylur 82
Blámamelur 294 – Bláimelur
Blettakelda 223
Blettalind 222
Blettaskyggnir 224
Blettir innri 225
Blettir ytri 67
Borg 181
Borgarbrekka 113
Borgarholt 179
Borgarholtsbrekkur l80
Borgarmýri 64
Brattabrekka 264 – Hroðabrekka
Brautarholt 306
Breiðumóar 200
Brekkan 275
Brekknaás 57
Brekkuborg 114
Brekkukriki 257 – Lindarkriki
Bröndufoss 304
Bugða 33 – Hólmsá
Bugðubakkar innri 44
Bugðubakkar ytri 45
Bullaugu 318
Byrgisholt 171
Byrgismói 231
Bæjarhóll 258
Bæjarvað 255
Börð 208 – Stekkjarmóabörð
Dagmálavarða 110
Dalhaft 174
Diskur 92
Djúpalaut 96 – Djúpalág
Djúpidalur 121
Dýjakriki 303 – Neðrikriki
Dýjamýri 220 – Klifsmýri
Efrikriki 325
Eggjar innri 199
Eggjar ytri 61
Elliðavatn 39
Enghóll 49
Fit 244
Fitarvað 247
Fjörur 70
Flag (ið) 119
Flagholt 118
Flataklöpp 153
Flikkisgróf 293 – Fylkisgróf
Flikkisgrófarlág 94
Flúðir 243
Fornufjós 262
Fossaleynisá 7 – Úlfarsá
Fossinn 34
Fossnes 32
Gamli vegur 148
Gatan 246
Gerði 276
Gil (ið)268
Gilgrund 270
Gilkinn 269
Gjáin 132
Grafageiri 289
Grafará 9 – Úlfarsá
Grafarholt 90
Grafarklif 221
Grafarkot 311
Grafarlækur 317
Grafarsel 156
Grafarvað 88
Grafarvogur 54
Gránadý 305
Grásteinn 289
Grásteinsholt 290
Grenás 120
Grenurð 128
Grímsteigur 274
Grjótholt 307
Grjóthóll 327
Grófarhóll 99
Gröf 259
Guddumói 234
Hallagrafir 218
Hallalækur 215
Hallar 217
Harðagrund 293
Harðanef 271

Harðbali 281
Harðhaus 272
Harðivöllur 56
Hádegisbrekkur 143
Hádegishæð 141
Hádegislág 319
Hádegismóar 146
Hádegisvarða 142
Hámóar 158
Hávaðar 256
Hestabrekkur 30
Hlaðvarpi 260
Hnjúkkinn efri135
Hnjúkkinn neðri 134
Holtslág 95
Holtsrani111 – Rani
Holtsskyggnir 91
Hólmsá 51
Hrossanes 36 – Trippanef
Hryggur 109
Hæðarás 145
Hæðarver 139
Höfðaver 131
Innriurð 71
Jaðar 189
Jaðrar 277
Jörvamelur 66
Jörvi 65
Kapalteigur 103
Kargi 233 – Kargamói
Kálfakotsá 5 – Úlfarsá
Kálfamói 85
Klapparholt 184
Klapparholtslág 185
Klapparholtsmóar l86
Klapparholtsvað 192
Kletthólar 127
Klifslækur 216
Klifsmýri 219 – Dýjamýri
Klofningslækur 104
Klofningsmýri 105
Klofningur (ar) 86
Kofahóll 273
Kolbeinskinn 265
Kolbeinsnef 84
Kollur 298
Korpa 12
Korpúlfsstaðaá 8 – Úlfarsá
Kothóll – 312
Kotsmýri 310
Krappanef (nes) 254
Krappi 253
Kringla 203
Kró(in) 79
Króargarður 240
Krókbarð 76
Kúalág 263
Kverk (Seláskverk) 59
Kverkarholt 60
Kvíahóll 283
Kvíasteinn 284
Köst 150
Lambalind 308
Lambhagaá 6 – Úlfarsá
Langabarð 326
Langalaut (lág) 144
Laug 249
Laugarnef 250
Launstígur 136
Lágholt 183
Leirdalsbrekka 14
Leirdalsháls 15
Leirdalsklauf 21
Leirdalur 19
Leirur 73
Lindarbarð 309
Lindasund 299
Litlamýri 116
Litlitangi 72
Litliteigur 323
Lyngdalsbrekkur l65
Lyngdalsklauf 149
Lyngdalsvik 160
Lyngdalur 164
Lækjarbrú 296
Lækjarmelar 324
Lækjarteigar 245
Länguflög 101
Markgróf 52 – Margróf
Melakriki 287
Melaskarð 297
Melás 191 – Selás
Melbarð 83
Merkjaklöpp 63
Merkjakverk 13
Merkjamóar 16
Merkjavörður 62
Merkjaþúfa 1
Miðaftanssteinn 239
Miðvik 78

Milli dala 29
Mjódalsmynni 31
Mjóistrengur 248
Moldardalsgeirar l70
Moldardalur 169
Móhvarf 212
Mómelur 213
Mómýrarkriki 211
Mómýri 210
Mýramót 209
Mýrarskyggnir 27
Neðrikriki 302 – Dýjakriki
Norðlingaholt 55
Norðurkinn 102
Norðurskál 124 – Skálardalur
Norðurtún 102
Nónáskinn 20
Nónholt 229
Nónvarða 230
Oddageirsnes 42 – Oddagerði
Oddagerði 47
Oddagerðisnes 41 – Stíflunes
Oddagerðisskyggnir 194 – Bakkaskyggnir – Oddaskyggnir
Oddahóll 46
Oddaskyggnir 48
Oddi 43 – Bugðunes
Ós 80
Óskotsá 11 – Úlfarsá
Ósmelur 238
Ósstillur 240
Ósvað 241
Pálsbyrgi 202
Pétursteigar 107
Rauðavatn 159
Reynisvatnsá 10 – Úlfarsá
Réttir 286
Sandvik 159 – Norðurvik
Sandvikslágar 163
Sauðadalur 198
Sauðagerði 261
Sauðahús 182
Sauðaskyggnir 197
Sáðreitur 288
Selás 58 – Melás
Selbrekkur l55
Selholt 154
Selhóll 157
Síldarmannabrekka 69
Síldarmannagarður 53
Skál 137 – Suðurskál
Skálahæð 138
Skálardalur 124 – Norðurskál
Skálargeirar l40
Skálarhnjúkur l33
Skálarklauf 126
Skerið 228
Skoran 237
Oddagerðisskyggnir 194 – Bakkaskyggnir
Skógræktargirðing 190
Skyggnismýri 26
Slétti melur 214
Smáholt 117
Smyrilshöfði 130
Steinaklöpp 22
Steinbrekka l08
Steinbrekku lág 97
Steinbrekku tún 115
Stekkjarlágar 205
Stekkjarmóar 207
Stekkjarurð 206
Stekkur 204
Stífla 316
Stíflumýri 315
Stíflunes 187
Stórholt 173
Stöðulflut 291
Stöðull 292
Suðurkinn 98
Suðurlág 278
Suðurnes 188 – Oddi Bugðunes
Suðurvik 162
Svartanef 81 – Svartibakki
Svartistokkur 242
Sveigur 232
Teigagrafir 322
Teigahóll 321
Teigar 320
Tjaldabrekka 201
Tjaldanes 301
Tjarnengi innra 2
Tjarnengi ytra 100
Tjarnengisbakkar 89
Tjarnhóll 87
Tóftarkriki 314
Tóftarlág 178
Traðarflöt 266
Traðartún 267
Trippadalur 172
Túnhali 279

Tvísteinahæð 24
Tvísteinalágar 23
Tvísteinar 25
Ullarflöt 280
Urðarlág 129
Urðastígur 226
Úlfarsá 3
Úlfarsfellsá 4 – Úlfarsá
Úlfhildarbrekka 168
Úlfhildarholt 167
Vatnsendavatn 40
Vatnshlíð 166
Vegarskarð 196 – Vegskarð
Vegbrekkur innri 35
Vegbrekkur ytri 37
Vegholt 176
Veita 251
Veitunes 252
Vetlur 295
Víðirholt 177
Vogbotn 74
Vogkriki 75
Vogkrókar 77
Votasund 300
Vörðulágar 147
Ytriurð 68
Yztimói 235
Þjótta 285 – Þjóttunes
Þríhyrna 112
Þrætusteinn 106
Þverbrekkur 125
Þverholt 123
Öskuhóll 313

Tilvitnanir og athugasemdir I - IV

1. Ísl. fornbréfasafn III, 69.

2. – 597.

3. The Old Icelandic Land Registers eftir Björn Lárusson, Lundi 1967, 130 - 131 Jarðabák Á. M. og P. V. Kjósarsýsla, 295 - 296

4. Ísl. fornbréfasafn VII, 662.

5. – XII, 152, 172, 399.

6. – 111

7. – 1

8. The Old Icelandic Land Registers, 130 - 131.

9. Jarðabók: Á. M. og P. V. Kjósarsýsla.

10. Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allra mildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Kh., 40 - 41.

11. Fasteignabók 1942.

12. Grafarholt eftir Björn Bjarnarson, Handrit í Örnefnastofnuninni. Bls. 2.

13. Landamerkjabók í afsals og veðmálabók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1887, nr. 367.

14. – 1890, nr. 100.

15. – 1919, nr. 12

16. Örnefnaskrá Ara Gíslasonar í Örnefnastofnuninni.

17. Skrá þessi var upprunalega gefin Landsbókasafninu 2. 5. 1918.og er varðveitt í Lbs. 361, fol.

18. Holtsrani eða Rani hjá BB.

19. Líklega Þrætusteinn í Klofningi.

20. BB nefnir hvorki Þvottapytt né Þvottastein en hann nefnir Laug og Laugarnef en þau nöfn eru við Grafa.

21. Flikkisgróf hjá BB.

22. Ari segir að Þvottapyttur sé sunnan við Gilið þar sem hann nefnir hann fyrst. En þegar hann nefnir að síðasti ábúandi í Lambhaga hafi notað hann við ullarþvott þá er sem pytturinn sé í Úlfarsá.

23. Samkvæmt lýsingu BB er Diskur vellislág austur á Há-Grafarholti.

24. BB nefnir ekki Litlaskyggni en aftur á móti Grófarhól.

25. Grenás hjá BB.

26. Skálarklauf hjá BB.

27. Djúpidalur er suðvestur af Grenás en hann getur ekki legið skáhallt að Selbrekkum því að þær eru langt fyrir sunnan.

28. Hið sama gildir um Tvísteina og Selbrekkur að erfitt er að tengja þá við Djúpadal í örnefnalýsingu þar sem fjöldi örnefna verður þar á milli.

29. Hið blauta fífusund kallar BB Skyggnismýri.

30. BB skiptir Almannadal í tvennt: Almannadal efri og Almannadal efri. Á milli þeirra er Dalhaft.

31. Moldardalur hjá BB.

32. Holt það,sem Ari nefnir einu nafni Klapparholt, ber þrjú nöfn hjá BB: Úlfhildarholt, Borgarholt og Klapparholt.

33. Álfaskyggnir hjá BB. Smábrekkurnar heita. Álfaskyggnis lágar hjá BB og Álaskyggnisbrekkur Vatnshlíð. BB nefnir holtið, sem hér er ónefnt, Selholt.

34. Skáladal nefnir BB aðeins Skál en aftur á móti nefnir BB Skálardal sem samheiti fyrir Norðurskál.

35. Eggjar innri og Eggjar ytri hjá BB.

36. Hluti af gjá sem liggur gegnum Grafarholtið.

37. Sbr. Jarðabók Á. M. og P. V.

38. Grafarmýri er ekki nefnd hjá BB.

39. Pálsbyrgi er staðsett á Eggjum innri hjá BB.

40. Eggjar innri.

41. Þetta er ekki rétt því að Helgustekkur er ekki í landi Grafarholts heldur í landi Keldna. Um hann segir BB Í athugasemdum við örnefni í landi Keldna:

„Á hábungunni beint vestur af Keldum er hringmynduð rúst, kölluð Helguhjáleiga, Helgustekkur eða Helgutóft. Um þann stað er sú þjóðsaga, að þar hafi búið Helga Bárðardóttir. Snæfellsáss og sótt sér í soðið með því að renna færi fram af Helgukletti nyrzt á Geldinganesi.“

42. BB nefnir ekki Smálund.

43. BB nefnir ekki Móhvarf en aftur á móti Mýramót Borgarmýrar og Mómýrar.

44. BB nefnir bæði Bletti innri og Bletti ytri, auk þess Blettalind og Blettakeldu.

45. BB nefnir ekki Bás.

46. Hallar hjá BB.

47. Líklega sama mýrin og BB nefnir Klifsmýri.

48. Grímsbær er ekki í skrá BB en aftur á móti Grímsteigur sunnan Kálfamóa.

49. BB nefnir Klofningslæk en ekki Gilslæk.

50. Grafarhóll ber heitið Bæjarhóll hjá BB og Hroðabrekka nafnið Brattabrekka.

51. Litliharðhaus virðist vera sama nafnið og BB nefnir Koll.

52. Hér er líklega átt við Votasund.

53. Vörðumelur virðist vera sá melur sem BB nefnir Lækjarmel(a).

54. Bláimelur heitir Blámamelur hjá BB.

55. Samkvæmt upplýsingum BB er Norðlingaholt vestar, milli Sauðadals og Bugðu.

56. Þessi skyggnir er ýmist nefndur Oddagerðisskyggnir, Bakkaskyggnir eða Oddaskyggnir. Vestar er Vatnsendaskyggnir í landi Vatnsenda.

57. Suðurvik hjá BB.

50. Örnefnaskrá Ara Gíslasonar í Örnefnastofnuninni.

59. Nafn bæjarins er augsýnilega dregið af Tjarnengi, sem BB skiptir í tvennt, Tjarnengi innra og Tjarnengi ytra, í athugasemdum um örnefni í Keldna landi segir (Halldór Vigfússon skráði eftir Birni 27. ág.1949): „Áður en sneiðin norðan af Keldnalandi var seld undir Korpólfsstaði (Thor Jensen), áttu Keldur slægjuland uppi við Úlfarsá, sem hét Tjarnengi. Samnefnt slægjuland var einnig frá Grafarholti litlu ofar. Á þeim slóðum byggði tengdasonur Bjarnar (Hreiðar Gottskálksson) nýbýlið Engi.“

60. Í sömu athugasemdum um örnefni í Keldnalandi segir: „Þar er (við Engi) hvilft mikil, sem heitir Flykkisgróf, og segir Björn, að hún sé norðaustur endinn á langri gjá, sem muni mega rekja við og við allt suðvestur að Kleifarvatni. Í gjá þessari hyggur Björn að vera muni afrennsli Kleifarvatns og komi fram í Kaldá. (Hann hefur þó að vísu ekki komið lengra suður en í Gjárétt).“

61. Land það,sem hér er nefnt Austurland, heitir hjá BB Tjarnengi innra en Sneplar og Skeiðflöt heita hjá BB Tjarnengi ytra.

62. Skottið er líklega það svæði sem BB nefnir Pétursteiga.

Handritið um örnefni í landi Engis eftir Helgu Larsen er í örnefnastofnuninni.

## V. Tilvitnanir og athugasemdir við örnefnalýsingu Grafarholts

1. Örnefnaskrá Bjarnar Bjarnarsonar í örnefnastofnuninni, 2602, bls. 2 - 3.

2. Náttúrufræðingurinn 1965, bls. 75.

3. Sama skoðun kemur m. a. fram í grein Jóns Jónssonar um grágrýtið í Náttúrufræðingnum 1972, bls. 21-66.

4. Jón Jónsson: Hraun í nágrenni Reykjavíkur.

Náttúrufr. 1971. bls. 49 - 128.

5. - - -

6. - - -

7. Þorleifur Einarsson : Jarðfræði 1968, bls. 170.

8. .Steindór Björnsson: Vitleysuörnefni eru títt notuð. Grein í Morgunblaðinu í nóv. 1968.

9. Karl E. Norðdal: Ár, vötn og örnefni umhverfis Hólm. Grein í Morgunblaðinu.

10. Landamerkjabók Gullbringu-og Kjósarsýslu 1890

11. Handrit Bjarnar Bjarnarsonar í Örnefnastofnuninni, 2602, bls. 22 - 23.

12. - bls. 26.

13. - bls. 25 - 26.

14. - bls. 26.

15. Einar G. Sæmundsen: Rauðavatnsstöðin, Ársrit Skógræktarfélagsins 1956.

16. Valtýr Stefánsson: Nokkrar staðreyndir um skógræktina Ársrit Skógræktarf. 1958.

17. Jarðabók: Á. M. og P. V.

18. Handr. BB, bls. 23.

19. - bls. 24.

20. - bls. 21.

21. - bls. 22.

22. - - -

23. - - 25.

24. - - 22.

25. - - -

26. - - 26.

27. - - 25.

Kópavogi, 20. maí 1977

Guðlaugur R. Guðmundsson, cand. mag.
Þinghólsbraut 19
Kópavogi Sími 49177.